



Ef áhyggjur vakna vegna mætingar barns í leikskóla gildir eftirfarandi verkferill:

01.

Deildarstjóri á samtali við foreldra.

- Niðurstöður samtals skráðar.

02.

Foreldrar boðaðir á fund með deildarstjóra og skólastjóra.

- Niðurstöður fundar skráðar.

03.

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði með samþykki foreldra.

- Skólastjóri boðar foreldra til fundar ásamt fulltrúa úr nemendaverndarráði.
- Áætlun sett fram og hlutverk tengiliðar kynnt.

04.

Foreldrum boðin þjónusta ráðgjafateymis skólapijónustu.

- Teymið fer yfir málið og hvað hefur verið gert.
- Fulltrúar úr teymi ræða við foreldra og skóla.
- Ný áætlun sett fram í samráði við skóla og foreldra með stuðningi sérfræðinga á fjölskyldu- og fræðsluviði.

05.

Málið tilkynnt til barnaverndar.

- Ef öll úrræði skv. verkferli eru fullreynd og það er mat skóla að dræmar mætingar barns í leikskólann hafi skaðleg áhrif á heilsu eða þroska barns tilkynnir skólastjórnandi málið til barnaverndar.